

Mannréttindi og jafnrétti

Mannréttindastefna Reykjavíkur er byggð á jafnræðisreglunni og miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars, eða annarrar stöðu.

Rauði þráðurinn í skólastarfi Tjarnarskóla og einkunnarorð skólans eru: *Allir eru einstakir*. Í því felst viðurkenning á því að engin manneskja er eins og önnur. Út frá þeirri skilgreiningu er brýnt að nemendur fái skýr skilaboð um sín mannréttindi og að hver nemandi tileinki sér þau viðhorf sem byggja á jafnræðisreglunni í hvívetna.

Í skólastarfinu er jafnréttisumræðan einkum í svonefndum mannæktartímum sem eru á stundaskrá nemenda einu sinni í viku. Jafnréttisumræðuna ber víða á góma s.s. í samfélagsfræði, gestafyrirlesturum og áhersluþáttum í félagslífi skólans, hópvinnu og umræðutímum með umsjónarkennara. Nemendum er einnig bent á heimasíður þar sem jafnréttismál eru tíunduð. Á stundaskrá 10. bekkjar eru auk þess svonefndir „mest“-tímar (menntun og störf). Þar kynnast nemendur framhaldsskólakerfinu og huga að ólíkum starfsgreinum og í þeirri umræðu gefst kærkomið tækifæri til þess að tengja við jafnréttisumræðuna.

Jafnrétti er eitt af grunnlífsgildunum og jafnréttisumræðan þarf ávallt að vera samofin í ferli daganna. Kennarar leggja sig fram um að opna augu nemenda fyrir mikilvægi jafnréttis hvenær sem færi gefst.

Kennarar skólans hafa sótt námskeið hjá „Blátt áfram“. Það er liður í því að vera betur í stakk búnir til þess að fjalla um kynferðislega áreitni/ofbeldi af þekkingu. Það er liður í að styrkja jafnrétti og virðingu. Í skólastarfinu fáum við einnig gestafyrirlesara um mál af þessu tagi og við leggjum okkur fram um að styrkja heilbrigða vitund nemenda um virðingu og rétt fólks þegar kemur að kynhegðun og kynhneigð.

